

Sæl Jóhanna.

Eftirfarandi eru örfáar ábendingar í kjölfar skoðunar á drögum að stöðuskýrslu fyrir vatnasvæðin:

Á bls. 13 í drögunum er eftirfarandi:

“Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur aðstoðað Umhverfisstofnun við mat á því hvort matvælafyrirtæki og önnur starfsemi teljist hafa viðunandi hreinsun á fráveitu. Jafnframt hafa þau bent á að kröfur um hreinsun fari eftir getu viðtaka til að taka við mengun og er skilningur á hugtakinu „viðunandi hreinsun“ mismunandi eftir svæðum.”

Það sem ég vil vekja athygli á eru seinstu orðin um að skilningur á hugtakinu viðunandi hreinsun sé mismunandi eftir svæðum. Ég tel það vera mjög alvarlegt ef heilbrigðiseftirlitssvæðin hafa mismunandi skilning og túlkun á hugtakinu og óska eindregið eftir að UST aðstoði okkur við að ná saman skilningi. Það er engum til framdráttar að svæðin vinni á mismunandi máta, síst af öllu heilbrigðiseftirlitssvæðunum. Hafi starfsmaður UST fengið þær upplýsingar að túlkun sé mismunandi lít ég svo á að það sé í verkahring stofnunarinnar að leiðbeina HES um sameiginlegan skilning, sbr. eftirfarandi skilgreiningu á hlutverki Umhverfisstofnunar skv. lögum 7/1998 m.s.br.

III. kafli. [Umhverfisstofnun.]¹⁾

■ 18. gr. [Umhverfisstofnun annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og er stjórnvöldum til ráðuneytis um mállefni er undir lögini falla.]¹⁾

□ Stofnunin hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti og skal sjá um vöktun og að rannsóknir þessu tengdar séu framkvæmdar. Í yfirumsjón felst samræming heilbrigðiseftirlits þannig að framkvæmdin sé með sama hætti á landinu öllu.

Tafla 8. á bls. bls. 31

Efnamóttökur/Meðhöndlun úrgangs – þar segir eftirfarandi um urðunarstaðinn á Bakkafirði

Mögul. undir álagi (grunnvatn) Urðun. Sigvatni ekki safnað, engar mæl. eru fyrirhugaðar. Sigvatn getur endað í grunnvatni (er nálægt sjó).

Ég tel óliklegt að þessi staður sé undir álagi. Sýni voru tekin úr læk sem rennur neðan við urðunarstaðinn á árunum 2002-2006 og aftur í fyrra, 2012. Niðurstöður þeirra mælinga hafa verið sendar UST.

Sama tafla undir **Gamlir urðunarstaðir** – þar vil ég vekja athygli á stöðum eins og Heiðarfjallinu, þar sem vitað er að ameríski herinn var með urðunarstað, einnig á Stokksnesi. Ef ég er man rétt voru framkvæmdar einhverjar mælingar á Stokksnesi fyrir allmögum árum, en líklega eru niðurstöðurnar hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, sem fór með eftirlit á varnarsvæðum. Síðan eru fleiri gamlir uðunarstaðir víða um landið, en líklega ekki til mælingar frá þeim, allavega ekki hér að Austurlandinu.

Tafla 18 á bls. 59.

Nokkur dæmi um íbúabyggðir/lítill þéttbýli þar sem fráveituvatn/skólp er meðhöndlað í rotþróm (telst til dreifðrar losunar mengunar).

Ég legg til að Nesjahverfi í Hornafirði verði bætt inn í þennan lista

nr.	Byggð	Mögul. viðtaki (vatnshlot) fyrir fráveitu/skólp	Íbúar 2011 = pe	Heildarlosun pe	Losun frá starfsemi, pe (uppl. frá 2008)	Fjöldi rotþr.	Álagsmat	Rök fyrir álagsmati
	Nesjahverfi Hornafirði	Jarðv./grunnv.	30 íbúðarhús * 3 íbúar per hús = 90 manns. Einnig sumarhótel fyrir ca 90 íbúa.	>90		1	Hugsanlega undir álagi	Gerlamengun í skurði sem tekur við frárennsli hefur verið í flokki IV. m.v. saurkólfí

Annað ekki í bili.

Bestu kveðjur,

Helga Hreinsdóttir

frkvstj. HAUST, Heilbrigðiseftirlit Austurlands